

BÓKARUMSÖGN

Aldurshópur

Yngsta og miðstig

Gerð bókarumsagnar

Megintilgangur bókarumsagnar er að leggja mat á bók sem búið er að lesa en gerð bókarumsagnar getur verið viðfangsefni nemenda á öllum stigum grunnskólans. Eðli málsins samkvæmt eru bókarumsagnir yngri barna þó alla jafna einfaldari og smærri í sniðum en einnig getur staða nemenda í lestri og ritun einnig haft áhrif á kröfur sem hægt er að gera til þeirra við gerð bókarumsagnar.

Gerð bókarumsagnar getur verið góð æfing í ritun og gott úrvinnsluverkefni þegar lestri bókar er lokið. Nýta þarf efni bókarumsagna á merkingarbæran hátt svo gerð þeirra hafi tilgang í augum nemenda. Eins þarf að hafa í huga að nemendur þurfa stuðning fyrst í stað við gerð bókarumsagnar og því er gott fyrir kennara að nýta sér meginreglur stigskipts stuðnings sem fjallað er um undir ritunarhluta *Læsisvefsins*.

Í hefðbundinni bókarumsögn eða bókarýni er yfirleitt gerð grein fyrir söguþræði, mat lagt á fagurfræðilega þætti svo sem útlit bókarkápu og myndefnis og loks fær bókin einhvers konar umsögn eða stjörnugjöf. Kennari ákveður í hvaða tilgangi ritun bókarumsagnar fer fram og hér koma nokkrar tillögur:

- Að kenna nemendum að gera skipulega grein fyrir efni bókar.
- Að kenna nemendum að leggja mat á bók og rökstyðja mat sitt/stjörnugjöf.
- Að safna ritdómum um bækur á skólasafni/bekkjarbókasafni sem nemendur geta haft til hliðsjónar við val á bókum til lestrar.
- Að gera samanburð á bókum.
- Að útbúa vinsældalista yfir bækur t.d. út frá stjörnugjöf.

Markmið

- Að kenna nemendum að gera grein fyrir efni bókar á skipulegan hátt. Þarna getur notkun sögukorts komið að góðum notum (sjá *Læsisvefinn*).
- Að kenna nemendum að leggja mat á bækur og rökstyðja mat sitt.
- Að nýta bókarumsagnir með markvissum hætti til að efla lestrarmenningu innan skólans/bekkjar.

Gögn

- Bókarumsagnarform í stærð A4 (t.d. til að hengja upp í skólastofu eða á skólasafni) og A5 (t.d. til að líma inn í lestrardagbók).
- Verkefnið *Ég mæli með* í vinnubókinni *Orðspor 1*, bls. 34 og 35 sem gefin er út af Menntamálastofnun getur einnig nýst við skrifin fyrir eldri nemendur.

Bókarumsögn



Stjörnuvjöf ☆☆☆☆☆

Bókarheiti

Höfundur

Myndskreytingar

- Skáldaður texti
 Upplýsandi texti

Um hvað fjallar bókin?



Þrjú orð sem lýsa bókinni:

+ _____
+ _____
+ _____

Ég mæli með/mæli ekki með bókinni vegna þess að:

Þessi bókarumsögn var unnin af (nafn, bekkur og dagsetning):



Bókarumsögn



Stjörnuvjöf ☆☆☆☆☆

Bókarheiti

Höfundur

Myndskreytingar

- Skáldaður texti
 Upplýsandi texti

Um hvað fjallar bókin?



Þrjú orð sem lýsa bókinni:

+ _____
+ _____
+ _____

Ég mæli með/mæli ekki með bókinni vegna þess að:

Þessi bókarumsögn var unnin af (nafn, bekkur og dagsetning):



Bókarumsögn



Stjörnugjöf ☆☆☆☆☆

Bókarheiti

Höfundur

Myndskreytingar

Skáldaður texti

Upplýsandi texti

Um hvað fjallar bókinn?



Þrjú orð sem lýsa bókinni:

- ★ _____
- ★ _____
- ★ _____

Ég mæli með/mæli ekki með bókinni vegna þess að:

Þessi bókarumsögn var unnin af (nafn, bekkur og dagsetning):

